

Nr. 19-057 S 042 Jóhanna G ÍS 56**Vélarvana og dregin til hafnar**

Skipaskr.nr. 2515
Útgerð: West Seafood ehf.
Smíðaður: Njarðvík 2003, trefjaplast
Stærð: 11,57 brl. 13,84 bt.
Mesta lengd: 11,27 m Skráð lengd: 11,2 m
Breidd: 3,56 m Dýpt: 1,31 m
Vél: Scania 231 kw, 2002
Fjöldi skipverja: 2



Jóhanna G © Ingólfur Þorleifsson

Gögn:

Gögn RNSA

Málið afgreitt á fundi 30. ágúst 2019 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni og Hirti Emilssyni.

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 1. maí 2019 var línuveiðibáturinn Jóhanna G ÍS56 staddur út af Patreksfirði. Veður: NNA 4 m/s.

Tilkynning kom frá bátnum til Vaktstöðvar siglinga um að hann væri vélarvana og óskað var eftir aðstoð. Björgunarskipið Vörður dró hann til hafnar á Flateyri.

Við rannsókn kom fram:

- að öxullinn í alternatornum (*rafalnum*) brotnaði og reimskífan skemmdi reimdrifið á vélinni;
- að alternatorinn var nýr og hafði verið settur á vélina daginn áður;
- að við skoðun kom í ljós að reimskífan hafði losnað upp á öxlinum;
- að fram kom hjá söluaðila að herða ætti á reimskífurni á öxlinum með högglykli.

Nefndarálit:

Málið hefur verið skráð en gefur ekki tilefni til frekari rannsóknar.